



Formannafundur Zontasambands Íslands 28.09.2019. Haldinn í húsi Zontaklúbbs Akureyrar.

Mættar: Þóra Ákadóttir svæðisstjóri, Sigríður Jónsdóttir gjaldkeri, Sesselja Sigurðardóttir Þórunni hyrnu, Aðalbjörg Jónsdóttir Zontaklúbbs Akureyrar, Ingibjörg Auðunsdóttir formaður afmælisnefndar, Hildur Helga Gísladóttir varaformaður Sunnu, Þuríður Ragna Stefánsdóttir Zontaklúbbs Reykjavíkur, Sigríður Björnsdóttir varasvæðisstjóri, Stella Víðisdóttir Sunnu, Guðríður Sigurjónsdóttir Uglu, Margrét Magnúsdóttir Emblu. Inga M. Árnadóttir ritari.

Þóra setti fund og bauð konur velkomnar.

Engin athugasemd kom vegna fundargerðar síðasta fundar.

Fréttir frá 13. umdæmi:

Þóra ræddi lítllega um umdæmisþingið í Kaupmannahöfn en gert er ráð fyrir að klúbbarnir fjalli um það á fundum hjá sér. Formenn og aðrir sem voru á þinginu sögðu í stuttu máli frá upplifun sinni.

Stofnun nefndar um styrki og styrkþega.

Ákveðið var að setja saman nefnd um þetta málefni og munu formenn klúbbanna sjá um að halda utanum og finna fulltrúa í nefndina. Mikilvægt að byrja þessa vinnu sem fyrst og var Sesselja Sigurðardóttir tilnefnd formaður. Umræður um styrkjamálin og hvernig best er að standa að því að finna styrkþega.

Hvernig fer hver haustið af stað ?

Fréttir frá klúbbunum. Þóra biður formenn að senda sér félagatal. Formenn fóru yfir starfið og hvað framundan er. Talsverðar umræður urðu um styrki til zontafélaga í tengslum við þátttöku á þingum og fundum.

Þóra fór yfir zontaalmanakið og þær breytingar sem hafa orðið. Hún mun senda nýja uppfærslu til klúbbanna. Almenn ánægja með að hafa almanakið, það minnir á og eykur yfirsýn.

Staða fjármála Zontasambandsins: Sigríður Jónsdóttir gjaldkeri.

Sigríður fór yfir fjármálin og stöðuna eftir að tímabilið er hálfnað. Greiðslur vegna afmælisins eru ekki allar komnar inn (33.00 á klúbb). Nælur hafa verið greiddar.

616.000 koma inn sem félagsgjöld.

154 borguðu til sambandsins í vor.

Hádegishlé

Af störfum afmælisnefndar.

Ingibjörg Auðunsdóttir kynnti drög að dagskrá 8. nóvember í Reykjavík og verður dagskrá varpað til Akureyrar. Hún fór einnig yfir fjármögnun viðburðarins.

Rætt um auglýsingar og hvernig best sé að vekja athygli á þessum atburði, hvar eigi að auglýsa og hvernig.

Hugmynd hefur komið upp í afmælisnefndinni um að heiðra/hvetja/styrkja konur með því að senda einhverskonar texta á einhverju formi eins og póstkort, skeyti eða tölvupóst.

Fundinum líst vel á þessa hugmynd.

CSW fundur í Reykjavík.

Kynningarfundur var haldin. 6 september en enginn frá Zontasambandinu mætti þar. Hildur Helga sagði frá þessum fundum sem eru á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Verkefni framundan.

Þóra segir frá því að lagabreytingar frá umdæmisþinginu komi inn á næstunni.

Félagaöflun, hvaða markmið ætti að setja? Hver er ástæða þess að konur ganga úr klúbbunum? Talsverðar umræður um hvernig hægt sé að afla félaga og haldið í þá. Þóra leggur áherslu á að klúbbarnir haldi kynningarfundum og bjóði væntanlegum félögum á fleiri en einn fund. Hægt er að nota facebooksíður og aðra miðla til að nálgast nýja félaga. Gyða minnir á að slagorð virka vel og þau þurfa að vera á íslensku. Gyðu falið að skoða hvort ekki sé hægt að finna ca 5 slagorð sem hægt væri að nota í tilefni 100 ára afmælisins og svo áfram.

Þóra minnti á markmið ZI og sýndi glæru með þeim. Samþykkt að klúbbarnir noti þessa þýðingu á markmiðunum en það er Helga Finnsdóttir í Emblunum sem á heiðurinn að henni.

Umræður urðu um skipun nefndar til að fjalla um félagaöflun, Gyða stingur upp á að valnefndir klúbbanna sjái um þetta, hún er fulltrúi þessa svæðis í valnefnd 13. umdæmis. Fundurinn samþykkir það og Gyða mun stýra nefndinni.

Önnur mál

8. mars

Klúbbarnir á Akureyri hafa staðið fyrir viðburðum á þessum degi undanfarin ár og fengu klúbbarnir viðurkenningu frá jafnréttisnefnd Akureyrar fyrir þetta framtak. Þóra hvetur hina klúbbana til að taka þátt í og/eða standa fyrir viðburðum á þessum degi.

Húsbyggingasjóður Kvennaathvarfsins.

Klúbbarnir munu í tilefni 100 ára afmælis Zonta styrkja þetta verkefni og eru sumir klúbbar búnir að ákveða styrkupp hæð.

Klúbbarnir munu hafa þetta sem heimaverkefni ársins.

Það þarf að liggja fyrir hver upphæð hvers klúbbs verður fyrir 20.10. 2019.

Nokkrar umræður um fjáröflunarverkefni klúbbanna sem eru margvísleg.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15:45

Inga M Árnadóttir ritari ZI.